

**214. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 21. nóvember 2023 og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða**

Samkomulag milli Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraðra er í burðarliðnum um útleigu íbúða. Fram komu upplýsingar um áætlað leiguverð íbúðanna sem lagt er fram til kynningar og umræðu í ráðinu.

*Velferðar- og mannréttindaráð lýsir yfir vonbrigðum með það leiguverð sem Leigufélag aldraðra hefur upplýst um í leiguíbúðum fyrir aldraða að Dalbraut 6. Vísar velferðar- og mannréttindaráð til upplýsinga um samiburð við fermetraverð annarra leigufélaga, en það fermetraverð sem Leigufélag aldraðra stillir fram er töluvert hærra en annarra óhagnaðar- og hagnaðardrifinna leigufélaga.*

*Velferðar- og mannréttindaráð hvetur Leigufélag aldraðra til að endurskoða leiguverðið og að það verði til samræmis við leiguverð annarra óhagnaðardrifinna leigufélaga með starfsemi á Akranesi.*

*Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi sat fundinn undir þessum lið.*

**2. 2311190 - Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks**

Grænbók um málefni innflytjenda lögð fram til kynningar. Byggir Grænbókin á greiningu á stöðu innflytjenda út frá fimm meginstöðum; Samfélagið, fjölskyldu- og heilbrigðismál, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Grænbókin er liður í heildarstefnu stjórnvalda í málefnum útlendinga sem miðar að því að fólk sem sest hér að, hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Kristinn H. Sveinsson  
Aníta Eir Einarsdóttir  
Einar Brandsson  
Sveinborg Kristjánsdóttir*

*Hildigunnur Árnadóttir*